

Fundargerð

**82. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,
miðvikudaginn 25. maí 2022, kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Kosningar 2022 - skýrsla yfirkjörstjórnar - 2205015

Lögð fram til kynningar greinargerð yfirkjörstjórnar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um úrslit kosninga í sameinuðu sveitarfélagi.

Lagt fram

2. Erindi E-lista Ósk um að staldra við í helstu framkvæmdum - 2205016

Eftirfarandi erindi barst sveitarfélaginu þann 19.05

Fyrir hönd E-lista óskum við eftir að staldrað verði við í helstu framkvæmdum þar til okkur hefur gefist ráðrúm til stöðutöku,

Með von um gott samtal.

Vinsamlegast staðfestið móttöku skeytis.

Með góðri kveðju
fh E-lista
Eygló

Halldór Þ. Sigurðsson vék af fundi undir þessum lið.

Vegna erindisins er vakin athygli á að nýkjörin sveitarstjórn hefur ekki umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarfélagsins fyrr en eftir 29. maí.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlanir voru samþykktar af sveitarstjórnnum í desember 2021 og eftir þeim er unnið þar til annað er ákveðið og starfandi sveitarstjórnir eru ekki að taka ákvarðanir umfram það þessa síðustu daga.

Það kemur svo í hlut nýkjörinnar sveitarstjórnar að taka til umræðu tillögu að nýrri fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags (samkeyrðar áætlanir beggja

sveitarfélaga) á fyrstu fundum hennar, þar sem m.a. er gert ráð fyrir framkvæmdum og öðrum verkefnum. Ný sveitarstjórn tekur hana til umfjöllunar og samþykkir og eftir atvikum gerir á henni breytingar með viðauka.

Þá eru nokkuð mörg verkefni nú þegar hafin á grunni fyrirbyggjandi fjárhagsáætlana og búið að ganga frá verksamningum.

Í ljósi erindis E-lista er að ósk fyrrverandi sveitarstjóra, Sveins Margeirssonar, lögð fram eftirfarandi bókun Sveins:

Samstarf á milli meirihluta og minnihluta (Halldórs Þorláks Sigurðssonar) í Skútustaðahreppi var mjög gott þann tíma sem ég starfaði sem sveitarstjóri í Skútustaðahreppi. Ég lagði mikið upp úr því sem sveitarstjóri að vinna fyrir sveitarfélagið í heild sinni, ekki einungis meirihluta.

Allan þann tíma sem ég starfaði sem sveitarstjóri var unnið eftir heildstæðum markmiðum sem lagt var upp með í ráðningarferli mínu. Þau markmið sneru að Aukinni samþættingu og bættri nýtingu fjármuna samhliða áherslu á uppbyggingu þekkingarhagkerfis og nýsköpun Kröftugri viðspyrnu samfélagsins vegna COVID-19, m.a. með samstarfi við opinbera aðila um fjárfestingu í innviðum Skýrri verkaskiptingu og góðu samtali innan stjórnsýslu sveitarfélagsins og við íbúa, þannig að heildarhagsmunir séu ávallt hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku

Ég hef lagt afar mikla vinnu á mig til þess að ofangreind markmið megi nást, sem sveitarstjóri og verkefnisstjóri NÍN. Árangurinn talar sínu máli, m.a. í uppbyggingu á vegum sveitarfélagsins í samstarfi við aðila á borð við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða Vegagerðina, Vatnajökulspjóðgarð, Umhverfisstofnun, Landgræðsluna, Orkustofnun, Matvælasjóð og Háskóla Íslands, auk samstarfs við ýmis ráðuneyti og einkaaðila.

Fjárfesting vegna ofangreindrar uppbyggingar skapar verðmæti í samfélaginu og treystir viðspyrnu til lengri tíma. Verði „staldrað við“ í uppbyggingunni er hætt við að henni sé teft í tvísýnu. Þar eru bæði fjármögnun og verksamningar undir.

Samhliða þessari bókun er minnt á að neðangreind verkefni voru samþykkt við fjárhagsáætlanagerð Skútustaðahrepps 2022 (fjárfesting ársins í sviga). Þau eru að miklu leyti fjármögnuð í samstarfi við áðurnefnda aðila. Gagnvart samstarfsaðilum er grundvallaratriði að ný sveitarstjórn staðfesti hratt og örugglega framgang verkefnanna. Að öðrum kosti verða sveitarstjórnarmenn að bera ábyrgð á því sjálfir hvort fjárheimildir og fjárfestingaáætlanir viðkomandi samstarfsaðila rúmi fjárfestinguna á komandi árum og þar með hvort hún nýtist samfélaginu til lengri tíma.

-Göngu- og hjóltreidastígur Dimmuborgir ? Skútustaðir 150 milljónir (fjármögnun í samstarfi við Vegagerðina)

-Skipulagsvinna og fjárfesting í nýju íbúðarhúsnæði 100 milljónir (fjármögnun í samstarfi við HMS)

-Þróun þekkingarseturs tengt Gestastofu í Gíg 5 milljónir (samstarf við Vatnajökulspjóðgarð, Umhverfisstofnun, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)

-Framkvæmdir við Íþróttamiðstöð og nánasta umhverfi 15 milljónir (áframhald uppbyggingar frá 2021)

*-Bygging hjúkrunarheimilis að Hvammi í samstarfi við önnur sveitarfélög 33,4 milljónir (samstarf við sveitarfélög í Þingeyjarsýslu hinni fornu)
-Framkvæmdir við salernishús og uppsetning „svífandi stíga“ í nágrenni Höfða 44 milljónir (samstarf við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða)
-Framkvæmdir í kjölfar fýsileikagreiningar orkukosta 19,6 milljónir (samstarf við Orkusjóð og byggir á fjármögnun tengt viðspyrnuaðgerðum)
-Endurnýjun hitaveitu tengt framkvæmdum við göngu- og hjólastíg 22 milljónir (nauðsynleg endurnýjun, sem er mun hagkvæmari ef ráðist er í hana samhliða framkvæmdum við göngu- og hjólastíg)*

Ég vil nota tækifærið og þakka samstarfsaðilum, sveitarstjórn Skútustaðahrepps og öðrum íbúum Skútustaðahrepps fyrir gott samstarf.

Samþykkt

3. Uppbygging íbúðarhúsnæðis - 2205017

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra um stöðu átaksverkefnis um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að halda áfram vinnu við verkefnið í samræmi við markmið um að mæta þörfum íbúa, eldra fólks og fyrirtækja á svæðinu ásamt uppbyggingu leiguhúsnæðis í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Samþykkt

4. Kálfaströnd - 2202005

Lögð fram til áréttingar gögn varðandi kaup Skútustaðahrepps á Jörðinni Kálfaströnd í Mývatnssveit.

Fyrir liggur líkt og áður hefur verið fjallað um viljayfirlýsing sveitarfélagsins og fyrri eigenda, Elínu Einarsdóttur.

Viljayfirlýsingin rammar inn vilja sveitarfélagsins og Elínar til lengri tíma varðandi framtíðarsýn um jörðina. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að:

Það er sameiginleg sýn kaupanda (Skútustaðahrepps) og seljenda (Elínar Einarsdóttur) að sveitarfélagið Skútustaðahreppur muni um ókomna tíð stuðla að vernd náttúru Kálfastrandar og byggja upp innviði sem miða að þeirri framtíðarsýn. Sameiginleg framtíðarsýn felur jafnframt í sér að almenningur eigi þessi kost að njóta náttúru jarðarinnar á grundvelli skipulags. Skútustaðahreppur mun vinna að þróun skipulags og innviðauppbyggingar á Kálfaströnd í samræmi við þessa framtíðarsýn.

Halldór Þ. Sigurðsson vék af fundi undir þessum lið.

Það er afdráttarlaus afstaða sveitarstjórnar að þau sjónarmið sem þarna eru römmuð inn, verði höfð í heiðri um ókomna tíð.

Samþykkt

5. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010

Lögð fram fundargerð 36. fundar velferðar- og menningarmálanefndar dags. 10. maí 2022. Fundargerðin er í einum lið.

Lagt fram

6. Skóla- og félagsmálanefnd: Fundargerðir - 1809011

Lögð fram fundargerð 35. fundar skóla- og félagsmálanefndar dags. 18. maí 2022. Fundargerðin er í sex liðum.

Fundi slitið kl. 11:15.